

**BORGARRÁÐ 12. desember 2022: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins varðandi nemendagrunn og árangursmælikvarða - MSS22120041**

Fulltrúi Flokks fólksins óskar frekari skýringa í kjölfar kynningar formanns stafræns ráðs á verkefnum þjónustu- og nýsköpunarsviðs í borgarstjórn 8. desember. Formaður ráðsins upplýsir á borgarstjórnarfundi að þjónustu- og nýsköpunarsvið sé búið að smíða fyrstu útgáfu nemendagrunns sem ætlaður sé fyrir alla grunnskóla á Íslandi. Fulltrúi Flokks fólksins vill vita hvort Reykjavíkurborg sé komin með víðtæka sölu- og þjónustusamninga við ríkið varðandi innleiðingu kerfisins eða ætli sér að gefa þetta endurgjaldslaust. Annað sem fulltrúi Flokks fólksins óskar skýringar á er sú fullyrðing formanns ráðsins að Samband íslenskra sveitarfélaga, Stafrænt Ísland og aðrar borgir í stafrænni vegferð „hafi ekki á lager staðlaða mælikvarða sem taka heildstætt utan um afleiddan ávinning stafrænna umbreytinga“. Hefur verið gerð alþjóðleg könnun á þessu? Einnig vill fulltrúinn fá að vita hver sé áætlaður kostnaður þjónustu- og nýsköpunarsviðs vegna fyrirhugaðrar smíði sviðsins á þessum „árangursmælikvörðum sem stefnt er á að meti heildstætt hagræðinguna og samfélagslegan og umhverfislegan ábata í takt við Græna planið“. Loks er spurt af hverju sviðið ætli að eyða bæði tíma og fjármunum í þetta. Eiga svona mælingar ekki heima hjá þar til gerðum greiningarfyrirtækjum á markaði, sem er kannski ástæða þess að aðrar borgir eru ekki með svona á lager.